



Fundargerð

Mánudaginn 5. júlí 2010 var fundur haldinn í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún, kl 13.30 á skrifstofu sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mættir: Magnús Sigurðsson, Zophonías Ari Lárusson, Vignir Sveinsson, Magnús B. Jónsson og Auður H. Sigurðardóttir

Magnús B. Jónsson setti fundinn og stýrði kjöri formanns.

1. Kosning formanns og ritara

Magnús Sigurðsson var kosinn formaður stjórnar og Zophonías Ari Lárusson ritari.

Magnús Sigurðsson tók við stjórn fundarins.

2. Kosning félagsmálaráðs og í þjónustuhóp

Í félagsmálaráð voru eftirtalin kosin:

Guðbjörg Ólafsdóttir	til vara	Jensína Lýðsdóttir
Hjalti Reynisson	til vara	Sigríður Gestsdóttir
Stefán Ólafsson	til vara	Kári Kárason
Vilborg Pétursdóttir	til vara	Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson
Þorbjörg Bjarnadóttir	til vara	Líney Árnadóttir

Í þjónustuhóp aldraðra var kosinn:

Bjarney Jónsdóttir	til vara	Vignir Sveinsson
--------------------	----------	------------------

3. Fjárhagsstaða ½ ár / fjárhagsáætlun 2010

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit og aðalbók Félags- og skólaþjónustu fyrir fyrstu 6 mánuði ársins. Í aðalbók kemur fram samanburður við fjárhagsáætlun.

Farið var yfir helstu niðurstöður og rætt um rekstur og rekstrarforsendur.

Málið var til kynningar og ekki gerðar tillögur eða ályktanir vegna fyrirliggjandi gagna.

4. Húsnæðismál skrifstofu

Fyrir fundinum lá áætlun Bjarna Þórs Einarssonar tæknifræðings hjá Ráðbarði sf um kostnað vegna breytinga á húsnæði í HSB sem leitað hefur verið eftir að taka á leigu vegna skrifstofu Félags- og skólaþjónustu. Meðfylgjandi kostnaðaráætluninni var greinargerð um fyrirhugaðar breytingar.

Samþykkt að leita eftir samningi við HSB um leigu á húsnæðinu þar sem ákveðnar tryggingar verði fyrir að fjárfesting í húsnæðinu nýtist til amk. 10 ára.

5. Hnitbjörg framkvæmdir

Fyrir fundinum lá samantekt um framkvæmdir sem Hjalti Sigmundsson, verkfræðingur hafði unnið.

Farið var yfir stöðu málsins og fyrirliggjandi gögn. Samþykkt að leita eftir föstum verðum í þá verkþætti sem fram koma í lýsandi magnskrá. Jafnframt ákveðið að yfirfara nokkra verkþætti í samráði við iðnaðarmenn og ráðgjafa.

6. Sæborg rekstur

Á fundinn mætti Jökulrós Grímsdóttir og gerði grein fyrir helstu forsendum í rekstri Sæborgar. Farið var yfir vistmannafjölda, samsetningu starfsfólks og aðra þætti sem varða þjónustu og rekstur heimilisins.

Umræður urðu um málefni heimilisins.



7. Tillaga velferðarhóps

Fyrir fundinum lá skýrsla velferðarhóps á vegum SSNV. Stjórn ræddi skýrsluna og ákváðu að ræða hana betur fyrir ársþing SSNV þar sem hún verður tekin til efnislegrar umfjöllunar.

8. Önnur mál.

Rætt var um möguleika á að koma á námskeiði fyrir fólk í umönnunarstörfum á vegum Farskóla Norðurlands vestra sem hefur fengið styrk til að koma námskeiðinu á fót. Félagsmálastjóri tók að sér að kanna forsendur slíks námskeiðs meðal starfsmanna.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 16.10

Magnús Sigurðsson

Zophonías Ari Lárusson

Vignir Sveinsson

Magnús B. Jónsson

Auður H. Sigurðardóttir
